



DALVÍKURBYGGÐ

Ráðhúsinu, 620 Dalvík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1565
komudagur 14.4.2000

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

nefnasvið@althingi.is

Dalvík 12. apríl 2000

Málefni: Frumvarp til laga um brunavarnir, 485. mál, heildarlög.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir það tækifæri að fá að tjá mig um þetta frumvarp. Ég hóf störf sem sjálfbóðaliði í slökkviliði Dalvíkur 1960 og 1974 varð ég slökkviliðsstjóri slökkviliðs Dalvíkur. Þegar reynsla að brunamálum er orðin eins mikil og raun ber vitni er auðvelt að sjá hvenær vel hefur verið gert í þeim efnum og einnig hvenær stefnir í að stór skref verði stígin aftur á bak.

Öll slökkvilið á landsbyggðinni eru byggð uppá sjálfbóðaliðum, menn og konur eru kölluð til starfa og ber þeim að sinna því kalli m.ö.o. þetta starf er þegnskylduvinna. Þjálfun þessa fólks var lítil sem eingin hér áður fyrr en með tilkomu farskóla Brunamálstofnunar 1987 varð bylting í þjálfun slökkviliðsmanna landsbyggðaslökkviliða. Þar sem slökkviliðsmenn voru þjálfaðir í notkun tækja og búnaðar sem þeirra slökkvilið hafði komið sér upp, það getur skipt sköpum að þekkja sinn búnað og sín tæki þegar eldsvoða ber að höndum.

Starfamenn farskóla Brunamálstofnunar sáu einnig um úttekt búnaðar hjá þessum slökkviliðum og gerðu tillögur að úrbótum og bentu slökkviliðsstjórum á nýjungar í tækjum og búnaði, því ekki er hægt að ætlast til að hver og einn landsbyggðaslökkviliðsstjóri í hlutastarfi lesi sig til og kynni sér allt það sem nýtt er í þessum efnum.

Við lestur á 9. gr. og þeim skýringum sem fram koma á bls. 21 (um 9. gr.) þar sem fram kemur að Brunamálaskólinn á að sjá um áframhaldandi rekstur á farskóla Brunamálstofnunar. Þetta er hið besta mál en þegar skýringarnar eru lesnar frekar þá kemur eftirfarandi fram "Varðandi kennslu og verklega þjálfun er gert ráð fyrir að nýta bæði þekkingu og aðstöðu sem stærri slökkviliðin í landinu hafa yfir að ráða". Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að ef farskólinn yrði starfræktur yrði það í mýflugumynd og jafnvel einungis til málamynda. Það er lag með nýrri reglugerð að efla farskólann og setja á hann enn frekari skyldur um þjálfun slökkviliðsmanna t.d. í meðferð eiturefna, en þau eru stöðugt að ógna umhverfi okkar og er það í verkahring slökkviliðsmanna að taka á þeirri vö þegar hún kemur upp.

Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra setur reglugerð um starfsemi Brunamálaskólans. Sú reglugerð verður að tryggja það að farskóli Brunamálaskólans verði eitthvað meira en bara nafn í skýringum um starfssemi Brunamálaskólans. Verði



DALVÍKURBYGGÐ

Ráðhúsinu, 620 Dalvík

Það ekki gert er það er alveg ljóst að það er verið skerða verulega möguleika byggðalaga um allt land að starfrækja slökkvilið sem getur sinnt skyldum sínum um þjálfun slökkviliðsmanna. Þetta kann að hljóma sem sleggjudómur en sannleikurinn er sá að slökkviliðin þurfa að sækja allt sitt fjármagn til síns sveitafélags og getur það verið nógu harðsótt að fá fjármagn til þess að viðhalda tækjum og búnaði hvað þá að senda tugi manna til námsskeiðahalds í Reykjavíkur í nokkrar vikur. Sá kostnaður sem slökkviliðið verður fyrir vegna slíkra ferðalaga er betur varið í að efla búnað viðkomandi slökkviliðs.


Slökkviliðsstjórar hafa með sér fagfélag ég endurtek fagfélag. Á fundum félagsins er fjallað um þau málefni sem eru í eldlínunni hverju sinni t.d. var endurskoðun laga um brunavarnir og brunamál til umfjöllunar á fundi félagsins í nóvember sl. Þar var samþykkt yfirlýsing sem send var til þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun þessara laga sem hér eru til umfjöllunar. Yfirlýsingin var efnislega á þá leið að í þessum nýju lögum yrði lögð áhersla á eflingu farskóla Brunamálastofnunar og þjálfunarheimsóknum hans heim í hérað. Það er ekki hægt að greina það að nefndin hafi tekið tillit til þessara óska slökkviliðsstjóra um allt land nema að litlu leyti.

Í 7. gr. er fjallað um brunamálaráð bæði um fjölda ráðsmanna og hverjir ættu lögbundna setu þar. Ég geri ekki athugasemdir við fjölda ráðsmanna heldur þykir mér það skjóta skökku við að félag sem er að berjast fyrir bættum launakjörum slökkviliðsmanna skuli fá lögbundna setur bæði í brunamálaráði og einnig skólaráði Brunamálaskólans. Ég á hér við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna, þetta stéttarfélag á ekkert erindi til setu í brunamálaráði og alls ekkert erindi til setu í skólaráði Brunamálaskólans. Eins og fram hefur komið í bréfi þessu þá hafa slökkviliðsstjórar með sér fagfélag og væri eðlilegra að slíkur félagskapur ætti lagalega setu í skólaráði Brunamálaskólans en félag sem berst fyrir bættum kjörum sinna félagsmanna. Leiða má rök að því hætt sé við því að annarleg og væntanlega launaleg sjónarmið ráði frekar ríkum en fagleg í stefnumörkun Brunamálaskólans fái L.S.S. setu í skólaráði Brunamálaskólans.

Í gegnum árin hefur L.S.S. barist með brunaöxum á farskóla Brunamálastofnunar og viljað hann feigan og stefnt leynt og ljóst að því að flytja þessa fræðslu til Reykjavíkur öllum landsbyggðarslökkviliðum til mikillar óþurftar. Því vill ég enn og aftur leggja þunga áherslu á að að bæði löggjafinn og ráðherra tryggi starfssemi farskóla Brunamálaskólans.

Ég er tilbúinn að mæta á fund Umhverfisnefndar Alþingis og ræða þetta mál frekar sé þess óskað.

Með vinsæld og virðingu,


Sigurður Jónsson

Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Dalvíkurbyggðar